



Húnaþing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Hvammstangi 22. nóvember 2016

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Jóhanns Guðmundssonar / Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík.

Varðar: Sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta 2016/2017.

Á fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 21. nóvember sl. var m.a. eftirfarandi fært til bókar:

„Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2016-2017:

„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 70 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2016/2017:

Ákvæði reglugerðar nr. 641/2016 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 641 frá 8. júlí 2016, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015/2016. Skipting þessara 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár í þorskígildum talið.
Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2013/2014, 2014/2015 og 2015/2016.
- b) 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og skal skipting þessara 20% byggðakvóta Húnaþings vestra miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár, nú 2013/2014, 2014/2015 og 2015/2016.
- c) Vinnsluskýlda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 641/2016 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 641/2016 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 31. október 2016, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa

má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.

b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðný Hrunn Karlsdóttir, sveitarstjóri.

